

# Askurinn matarhandverkskeppni - Leiðbeiningar til dómara og keppenda

Markmið og megintilgangur matarhandverkskeppni er að koma leiðbeiningum um aukin gæði til keppenda og stuðla að framþróun og kynningu matarhandverks.

Til að vara sé gjaldgeng í keppnina, hefur gerð og samsetning hennar verið skoðað af keppnishöldurum, en nákvæm innihaldslýsing hefur fylgt hverri vöru og geta dómarar beðið um nánari upplýsingar telji þeir þess þurfa. Allar vörur sem í keppnina koma eru frá framleiðendum með gild starfsleyfi en þó er hugsanlegt að varan hafi sem slík ekki komið á markað.

## Allt sem er sagt og rætt um vörur og framleiðenda í dómnefndar hópnun er trúnaðarmál.

Matsstörfum er hagað þannig að hver dómarahópur hefur einn stjórnanda, sem þegar hefur verið skipaður, hans mat hefur sama vægi og hjá öðrum dómurum. Dómarahópurinn skipar einn sem ritara. Fulltrúar keppnishaldara sjá um að færa dómarahópnun vöru og fylgiskjal. Á fylgiskjalinu kemur aðeins fram nafn vöru og keppnisnúmer. Dómarahópurinn dæmir hverja vöru fyrir sig, vara er ekki í samkeppni við aðra vöru á þessu stig keppinnar. Dómarahópurinn kemur sér saman um matið þ.e. einungis eitt sameiginlegt mat fylgir hverri vöru. Niðurstöður matsins og svo leiðbeiningar til keppenda eru skráðar á keppnisblaðið. Munum að keppandi er e.t.v. ekki fagmaður í matvælaframleiðslu og því ágætt að leiðbeiningar séu sem nákvæmastar en jafnframt hnitmiðaðar þannig að keppandi geti lært af matinu og nýtt sér í aframhaldandi vöruþróun.

Matarhandverkskeppnin sú sem fram hér að þessu sinni er skipt í sex flokka, **Mjólkurvörur- Kjöt – Fiskur – Ber og grænmeti – Bakstur – og Nýsköpun**. Til að skapa keppnisflokk þarf a.m.k. fjórar vörur að berast.

Veitt verður gull, silfur og bronsverðlaun í hverjum flokki, að því tilskildu að fjöldi keppenda sé nógu stór en a.m.k. sex vörur þurfa að berast í hvern keppnisflokk til að unnt sé að veita gull, silfur og brons. Berist færri vörur en sex verður einungis veitt gullverðlaun.

Í núverandi keppnisformi er bragð og lykt að vega meira en útlit og áferð, ef tvær vörur eru jafnar að stigum í verðlaunasæti fær sú vara verðlaunin sem hefur fleiri stig í flokknum lykt og bragð.

Mat á vörum er unnið af dómarahóp sem samanstendur af fagmönnum og leikmönnum. Með því móti fáum við sjónarhorn neytenda í í matinu. Stig fengin í núverandi keppni virka ekki til samanburðar frá ári til árs eða milli dómnefnda.

Dómarar í hverjum keppnishóp eru a.m.k. þrír. Við skoðun á vöru munu dómarar koma niðurstöðum mats og leiðbeiningum um úrbætur á dómaeyðublað hvernar vöru fyrir sig sem keppendur fá síðan sent til sín að keppni lokinni. Leiðbeiningar þessar munu þá nýtast keppendum til frekari þróunar á vörunni.

Hver vara er dæmd í þremur keppnisliðum þ.e. **Útlit – Áferð – Lykt og bragð**. Í liðunum **Útlit og Áferð** er hámarks stigafjöldi 5 stig í hvorum fyrir sig en í flokknum **Lykt og bragð** eru 10 stig. Samanlagður mesti stigafjöldi hvernar vöru er því 20 stig.